

## Fundur í stjórn Siðfræðistofnunar 17. febrúar 2000

### Fundargerð

Á fundinum voru: Vilhjálmur Árnason formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Jóns Kalmansson.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Tekið fyrir bréf frá Umhverfissráðuneytinu, d.s. 27. janúar 2000, þar sem þess er óskað að Siðfræðistofnun tilnefni aðalmann og varamann í níu manna ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur. Ákveðið að tilnefna Mikael Karlsson aðalmann og Jón Kalmansson varamann í nefndina.
3. Tekið fyrir bréf frá Umhverfissráðuneytinu, d.s. 7. febrúar 2000, þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa Siðfræðistofnunar til setu í tilraunadýranefnd. Afgreiðslu frestað.
4. Tekið fyrir bréf frá Michael A. Tringe, B.A. nema við vísindasagnfræðideild Harvard háskóla, þar sem farið er fram á að stofnunin veiti aðstoð við rannsóknarverkefni hans um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Ákveðið að verða við þessari beiðni.
5. Gerð grein fyrir fjárhagsstöðu Siðfræðistofnunar. Ákveðið að Vilhjálmur og Björn eigi fund með rektor.
6. Rætt um fundaröðina í Skálholti.
7. Önnur mál. Vilhjálmur leggur til að Salvör Nordal verði ráðin í hálfá stöðu á stofnuninni og hefji hún störf 1. mars og starfi þau Jón saman í marsmánuði. Vilhjálmur ræddi einnig það sem hann taldi æskilegt að Salvör legði áherslu á í starfi sínu. Væri það annars vegar undirbúningur M.A. náms í siðfræði á vegum Siðfræðistofnunar og hins vegar undirbúningur rannsókna.